

**Ed.**

**16. Frumvarp til laga**

[16. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Til febrúarloka 1960 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga 1959 öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Augljóst er að eigi verður hægt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1960 fyrir næstu áramót, er því nauðsynlegt að veita ríkisstjórninni heimild þá, sem felst í frv. þessu.